

Tilmæli 26/2017

Fyrri skjalsnúmer	B 318/præsidiet; C 2/2017
Afgreiðsla	Forsætisnefndin
Fylgiskjal	B 318/præsidiet: Nefndarálit um ráðherranefndartillögu um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2018

Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2018

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 2. nóvember 2017 eftirfarandi tilmæli að tillögu forsætisnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að heilbrigðismál fylgdarlausra barna á flóttu – einkum geðheilsa verði tekin með í fjárhagsáætlun;

að ráðstafa allt að 500.000 dönskum krónum í bakgrunnsrannsókn á norrænum aðgerðum varðandi alþjóðlegt friðar- og sáttastarf, þar á meðal framlag til að auka þátttöku og áhrif kvenna í störfum sem tengjast friðar- og öryggismálum;

að ráðstafa fjármagni í kortlagningu á því hvernig norrænu ríkisreknu útvarps- og sjónvarpsrásirnar geti orðið aðgengilegar á öllum Norðurlöndunum, þar á meðal að skoða lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum;

að ráðstafa fjármagni í ítarlega úttekt á norrænu starfi varðandi hættu við siglingar og umhverfisöryggi í siglingum á norðurslóðum;

að Norðurlandaráð fái til afgreiðslu með hraði ráðherranefndartillögu um langtímafjármögnun samstarfsstofnananna fimm í menntamálum. Áður en tillagan verður endanlega afgreidd vill Norðurlandaráð þó halda fast við að fjármögnun Norrænu Samastofnunarinnar (NSI) verði á sama róli og árið 2017.

Kaupmannahöfn, 6. nóvember 2017

Britt Lundberg

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs